

Sp.

548. Breytingartillaga

um endurgreiðslu á aðflutningsgjöldum.

Frá Jóhanni Jósefssyni.

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að endurgreiða útgerðarmönnum aðflutningsgjöld, sem innheimt hafa verið af skipum, sem þeir hafa keypt til landsins á árinu 1945 eða kaupa á árunum 1946 og 1947, og af efni, vélum og tækjum í skip, sem handa þeim hafa verið byggð eða verða byggð innanlands á sama árabili.